

Bjarni Malmquist Jónsson, Ungmennafélagið Vísir/USÚ – Frjálsíþróttir/Borðtennis

Bjarni Malmquist Jónsson sýndi einstakan drifkraft og seiglu við að endurvekja Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit og að virkja samtakamátt fólksins í sveitinni við framkvæmdir á fjölnota íþróttavelli við Hrollaugsstæði. Hann hefur verið leiðandi í að skapa tækifæri fyrir samfélagið til að láta hugmyndir rætast og hefur smitað út frá sér með jákvæðni og lausnamiðaðri hugsun.

Verkefnið varð ekki aðeins byggingarframkvæmd heldur samfélagslegt afl þar sem nær hver einasti íbúi lagði sitt af mörkum. Íþróttavöllurinn við félagsheimilið Hrollaugsstæði hefur orðið táknið um sjálfstæði, seiglu og trú á framtíðina í einni af fjarlægari sveitum landsins. Áhrif Bjarna munu vara um ókomna tíð og styrkja sveitarfélagið, ungmennafélagið og samheldni í Suðursveit um ókomin ár.

Bjarni hefur einnig unnið mikið starf hjá Borðtennisdeild Ungmennafélagsins Vísis, komið á laggirnar vikulegum æfingum í borðtennis fyrir allan aldur og árlegum æfingabúðum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga. Hann hefur verið drífandi kraftur fyrir fólkið í Suðursveit og er formaður USÚ.

Með eldmóði og hugrekki hefur Bjarni kveikt neista sem hefur breiðst út um alla Suðursveit. Bjarni er verðugur Íþróttaeldhugi ársins 2025.